



FUNDARGERÐ 494. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 5. mars 2024. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Ársuppgjör SORPU bs. fyrir árið 2023

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU og Aðalbjörg Sigurbórsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, taka sæti undir þessum lið.

Gestir og framkvæmdastjóri gera grein fyrir ársuppgjöri SORPU fyrir árið 2023.

Guðfinnur Sigurvinsson tekur sæti á fundinum klukkan 08:18.

Stjórn samþykkir ársreikninginn.

Theodór og Aðalbjörg víkja af fundi klukkan 08:47.

2. Skýrsla innri endurskoðunar

Jón Sigurðsson endurskoðandi og Ingigerður S. Logadóttir endurskoðandi taka sæti á fundinum klukkan 08:50. Gestir gera grein fyrir niðurstöðum skýrslu innri endurskoðunar SORPU.

Jón, Ingigerður og Lárus víkja af fundi klukkan 09:27.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fylgja eftir þeim ábendingum sem koma fram í skýrslu innri endurskoðunar.

3. Staða ESA málsins

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 09:27.

Haraldur gerir grein fyrir fundi með fulltrúum stjórnvalda um framhald málsins.



Stjórn felur Haraldi Flosa að halda áfram að vinna að málinu í fullu umboði stjórnar, þar með að kynna málið fyrir stjórn SSH.

Haraldur Flosi vikur af fundi klukkan 09:39.

4. Textílsöfnun og vinnsla

Guðfinnur Sigurvinnsson vikur af fundi klukkan 09:45.

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU og Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, taka sæti á fundinum klukkan 09:43.

Gestir gera grein fyrir stöðu mála við undirbúning á söfnun, meðhöndlun og vinnslu á textíl.

Ísól og Ruth víkja af fundi klukkan 10:02.

5. Samskipti milli funda

Stjórn fundaði mánudaginn 4. mars án starfsmanna.

6. Önnur mál

Valdimar leggur til að haldinn verði vinnufundur stjórnar seinni hluta apríl. Valdimar leggur auk þess til að stjórnarfundir hefjist klukkan 07:30.

Svana Helen leggur til að stjórn feli framkvæmdastjóra að kanna hjá ráðgjöfum verð á vinnu við að framkvæmda árangursmat stjórnar.

Stjórn samþykkur fram komnar tillögur.

Stjórn ræðir sendingu fylgigagna með fundargerðum.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 9. apríl klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:22.